

Dómnefndarálit

# Úlfarsárdalur

Hönnunarsamkeppni um samþættan leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir frístunda- og félagsstarf, menningarmiðstöð og almenningsbókasafn, sundlaug og íþróttahús í Úlfarsárdal auk íbúðabyggðar

**Reykjavíkurborg - nóvember 2014**
Umhverfis- og skipulagssvið
Íþrótta- og tómstundasvið
Skóla- og frístundasvið
Menningar- og ferðamálasvið

Í samvinnu við Arkitektafélag Íslands og Knattspyrnufélagið Fram

Hönnun/umbrot: Kaktus auglýsingastofa

# Inngangur

Átján mánuðum eftir að starfshópur um uppbyggingu í Úlfarsárdal skilaði af sér skýrslu með tillögum um næstu skref, liggja nú fyrir niðurstöður úr tveggja þrepa hönnunarsamkeppni í samvinnu við Arkitektafélag Íslands og Knattspyrnufélagið Fram um eitt stærsta uppbyggingarverkefni sem Reykjavíkurborg hefur ákveðið að ráðast í.

Aldrei áður hefur verið tekin ákvörðun um að byggja skóla, leikskóla, menningarmiðstöð, íþróttamannvirki og sundlaug á sama stað. Sú ákvörðun mun hafa áhrif á þróun félagsauðs og allt mannlíf í Úlfarsárdal og Grafarholti og vonandi verða hið stóra hjarta í mikilvægu æðakerfi byggðarinnar sem umlykur dalinn. Borgarbúar allir munu njóta góðs af uppbyggingunni sem á að tengjast vel því mikilvæga útivistarsvæði sem dalurinn og Úlfarsfellið er. Mikilvægt er að undirbúningur að slíkri ákvarðanatöku sé eins og best verður á kosið og niðurstaða farsæl fyrir alla þá sem að verkefninu koma, núna og í framtíðinni.

Fjöldi arkitekta og hönnuða hefur sýnt þessu verkefni áhuga með þátttöku sinni. Innsendar tillögur voru 24 talsins og komu víðsvegar að úr heiminum. Dómnefndar beið því ærið verkefni við yfirferð tillagnanna sem voru metnar af kostgæfni. Umfjöllun um vinningstillögu sem og aðrar innsendar tillögur má finna í þessari samantekt.

Dómnefnd óskar vinningshöfum til hamingju með góðar tillögur og þakkar einnig öðrum tillöguhöfundum fyrir þátttökuna. Eins þakkar dómnefnd fjölda ráðgjafa sem lögðu sitt af mörkum við yfirferð tillagna, þolinmæði sem dómnefndinni var sýnd á meðan hún var að störfum og íbúasamtökum sem og hverfisráði Grafarholts og Úlfarsárdals fyrir aðhald og einlægan áhuga á verkefninu og framgangi þess. Dómnefnd óskar jafnframt íbúum Grafarholts og Úlfarsárdals hjartanlega til hamingju með spennandi uppbyggingaráform sem eflaust verða stigin í áföngum en vonandi sem eitt stórt gæfuspor.

## Aðdragandi og undirbúningur

Í byrjun árs 2013 skipaði borgarstjóri starfshóp til að undirbúa hönnunarsamkeppni og að tryggja samráð við hagsmunaaðila Úlfarsárdals, Grafarholts og Knattspyrnufélagsins Fram. Hópurinn átti að hafa samráð um nauðsynlegar deiliskipulagsbreytingar, staðsetningu væntanlegrar þjónustu og leita allra leiða til að ná sem mestri samlegð og samnýtingu í fjárfestingu og rekstri nýrra mannvirkja í Úlfarsárdal. Skrifstofa borgarstjóra óskaði eftir tilnefningum frá hagsmunaaðilum með bréfi, dagsettu 8. janúar 2013. Tilnefndir voru fulltrúar frá Íbúasamtökum Úlfarsárdals og Grafarholts og Knattspyrnufélaginu Fram. Einnig voru skipaðir fjórir undirbúningshópar, einn fyrir hverja starfseiningu, sem í sátu fulltrúar frá viðkomandi sviðum. Hóparnir skiluðu forsögn í lok undirbúningsvinnu.

Starfshópurinn skilaði skýrslu í júní 2013, þar sem lagt var til að mannvirkin verði byggð sem ein heild. Samnýting og samlegðaráhrif af slíkri miðstöð í borgarhlutanum voru talin mikil að mati starfshópsins, sérstaklega með tilliti til notkunar starfseininganna á mismunandi tímum dags.

Starfshópurinn lagði jafnframt til að farið yrði í opna tveggja þrepa samkeppni. Á fyrra þrepi yrði lögð áhersla á staðsetningu og heildaryfirbragð, umferð, tengingar við nánasta umhverfi, dalinn og íbúðabyggð. Á seinna þrepi yrði lögð áhersla á nánari útfærslu á ofangreindum atriðum, starfseininganna sjálfra og innra skipulag þeirra.

Í framhaldinu efndi Reykjavíkurborg, fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs, skóla- og frístundasviðs, menningar- og ferðamálasviðs og íþrótta- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar, til opinnar tveggja þrepa samkeppni í samstarfi við Fram og Arkitektafélag Íslands. Samkeppnin snýr að hönnun leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir frístunda og félagsstarf, menningarmiðstöð/almenningsbókasafn, kennslu- og almenningssundlaug og íþróttahús Fram í Úlfarsárdal auk íbúðabyggðar.

Áætluð heildarstærð mannvirkjanna var um 15.500 m2, sem skiptist þannig að aðkoma að mannvirkjunum átti að vera um um 400 m2, samþættur leik- og grunnskóli með aðstöðu fyrir frístunda- og félagsstarf um 6.800 m2, bókasafn og menningarmiðstöð um 1.300 m2 og sundlaug um 1.400 m2. Íþróttahús Fram var áætlað um 5.600 m2.

Mikil áhersla var lögð á samnýtingu rýma í byggingunum og voru þessar tölur leiðbeinandi er varða stærðir rýma.

Niðurstaða samkeppninnar verður grunnur að breyttu deiliskipulagi.

## Tegund og tilhögun samkeppni

Samkeppnin var tveggja þrepa.

Fyrra þrepið var hugmyndasamkeppni sem byggði á heildarlausn mannvirkja og staðsetningu þeirra á keppnissvæðinu. Keppendur áttu að setja fram hugmyndir sínar um lausn viðfangsefnisins í samræmi við keppnislýsingu, sem verður grunnur að breytingu á gildandi deiliskipulagi að samkeppni lokinni.

Í lok fyrra þreps valdi dómnefnd fjórar tillögur til frekari úrvinnslu á seinna þrepi samkeppninnar. Seinna þrepið var framkvæmdakeppni valinna tillagna úr fyrra þrepi og fengu keppendur almennar og sértækar umsagnir dómnefndar er vörðuðu viðkomandi tillögur.

## Markmið

Meginmarkmið samkeppninnar voru eftirfarandi:

- Að leggja áherslu á umhverfisleg og samfélagsleg gæði mannvirkjanna í viðkvæmu umhverfi dalsins
- Að fá fram vel rökstuddar tillögur að nánari staðsetningu mannvirkja á skilgreindu keppnissvæði í Úlfarsárdal
- Að fá fram áhugaverðar og vandaðar tillögur að uppbyggingu samþætts leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir frístunda- og félagsstarf og menningar- og íþróttamiðstöð í borgarhlutanum, sem þjónar sem best íbúum Úlfarsárdals, Grafarholts og öllum almenningi, en leik- og grunnskólinn þjónar aðeins íbúum Úlfarsárdals.
- Að mannvirkin falli vel að og styrki næsta umhverfi og verði hjarta borgarhlutans
- Að stuðla að góðu samspili almenningsrýma, bygginga og nærumhverfis
- Að ná fram verulegri hagræðingu í rekstri mannvirkjanna til framtíðar með samlegð og samnýtingu
- Að huga vel að kostnaði er varðar viðhaldsþörf byggingarhluta með vistvænni nálgun

# Sjónarmið dómnefndar

Eftirtalin atriði vógu þungt við mat dómnefndar á úrlausnum.

Á **fyrra þrepi** lagði dómnefnd áherslu á eftirfarandi atriði:

- Staðsetningu með tilliti til náttúru dalsins, byggðar, aðkomu, umferðar og staðhátta
- Heildaryfirbragð, vandaða og góða byggingarlist og aðlögun að umhverfi
- Rökstuðning fyrir staðsetningu mannvirkja
- Tengsl starfseininganna með tilliti til samlegðar og samnýtingar
- Áfangaskiptingu
- Fyrirkomulag nýrrar íbúðabyggðar og þjónustu

Á **seinna þrepi** lagði dómnefnd að auki áherslu á eftirfarandi atriði:

- Mannvirki uppfylli á hagkvæman hátt kröfur og hugmyndafræði forsagnar og henti vel hvað varðar stærðir rýma og innra fyrirkomulag sem einingarnar byggja á
- Fyrirkomulag á lóð og aðlögun að umhverfinu
- Aðgengis-, umferðar- og öryggismál
- Hvatt er til umhverfisvænnar nálgunar en mannvirkið verður hannað og byggt samkvæmt umhverfisvottunarkerfi sem verður valið síðar
- Lausnir og efnisval með tilliti til byggingarkostnaðar og endingar
- Lausnir sem taka tillit til rekstrarkostnaðar, umhverfis- og vistfræðiþátta
- Kostnaðargát skal viðhöfð þannig að ekki verði um áberandi kostnaðarsamar lausnir að ræða

## Dómnefnd, ritari dómnefndar og ráðgjafar

Sjö manna dómnefnd skipuðu eftirtaldir:

**Tilnefndir af útbjóðanda:**

1. Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri USK, formaður
2. Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri SFS
3. Hafliði Halldórsson, forstöðumaður hjá ÍTR
4. Guðmundur B. Ólafsson, Knattspyrnufélaginu Fram

**Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:**

5. Finnur Björgvinsson, arkitekt FAÍ
6. Gísli Sæmundsson, arkitekt FAÍ
7. Jórunn Ragnarsdóttir, arkitekt FAÍ

**Ritari dómnefndar:**

Rúnar Gunnarsson, deildarstjóri á USK, arkitekt FAÍ

**Ráðgjafar dómnefndar:**

Ragnar Þorsteinsson, sviðstjóri SFS

Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri ÍTR

Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstýra MOF

Hrólfur Jónsson, skrifstofustjóri SEA

Hildur Jóhannesdóttir, skólastjóri Dalskóla

Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri SFS

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri SFS

Steinþór Einarsson, skrifstofustjóri ÍTR

Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður

Guðrún Dís Jónatansdóttir, fostöðumaður Gerðubergs

Kristinn R. Jónsson, framkvæmdastjóri Knattspyrnufélagsins Fram

Nikulás Úlfar Másson, skrifstofustjóri SSBB

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi USK

Dagný Helgadóttir, arkitekt á USK

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri SFV

Þorkell Jónsson, deildarstjóri á SFV

Víðir Bragason, verkefnastjóri á SFV

Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals

**Trúnaðarmaður:**

Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ

# Dómnefndarálit

Tillögum í fyrra þrepi var skilað inn 1. apríl 2014. Alls bárust 24 tillögur en ein var ekki tekin til dóms þar sem hún samræmdist ekki keppnislýsingu er varðar fjölda innskilaðra teikninga.

Eftir vandlega yfirferð tillagna á fyrra þrepi sem höfðu fengið vinnunúmer frá 1-24 gekk dómnefnd frá tillögum sínum og umsögnum til keppenda.

Trúnaðarmanni voru kynntar niðurstöðurnar og tilkynnti hann keppendum um niðurstöður dómnefndar þeirra fjögurra tillagna sem valdar voru á seinna þrep samkeppninnar. Einnig afhenti hann þeim almennar og sértækar athugasemdir dómnefndar þann 13. júní 2014.

Tillögum í seinna þrepi var skilað inn 14. október 2014. Eftir vandlega yfirferð tillagna sem héldu sömu vinnunúmerum og þær höfðu á fyrra þrepi, gekk dómnefnd frá tillögum sínum á fundi mánudaginn 10. nóvember.

Trúnaðarmanni var kynnt niðurstaðan á þeim fundi og var nafnleynd rofin. Í framhaldi af því tilkynnti trúnaðarmaður keppendum um niðurstöður samkeppninnar.

Dómnefnd var einhuga um eftirfarandi niðurstöðu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| **1. verðlaun** | kr. 4.300.000 | Tillaga nr. 22, | auðkennd **80495** |
| **2.-3. verðlaun** | kr. 2.200.000 (alls 4.4 m.kr) | Tillaga nr. 5 og 15 | auðkenndar **11046** og **47825** |
| **Innkaup** | kr. 900.000 | Tillaga nr. 16, | auðkennd **50557** |
| **Athyglisverð tillaga** | | Tillaga nr. 13, | auðkennd **35956** |

Auk verðlauna fengu allir keppendur á seinna þrepi greiddar 1.8 mkr.
Allar upphæðir eru án virðisaukaskatts.

Dómnefnd

formaður dómnefndar

## Umsagnir um tillögur sem fóru áfram á seinna þrep

## Almennar ábendingar til allra tillöguhöfunda á seinna þrepi samkeppni um Úlfarsárdal, skóla, menningar- og íþróttamiðstöð.

**Inngangur**

Dómnefnd þakkar þátttakendum innsendar tillögur. Höfundar hafa unnið af faglegum metnaði og með skilningi á þörfum verkefnisins. Nefndin óskar eftir áframhaldandi góðu samstarfi við tillöguhöfunda og væntir þess að fyrirspurnir um seinna þrep verði áfram málefnalegar og hnitmiðaðar.

Dómnefndin hefur ákveðið að bjóða höfundum upp á tvo fyrirspurnafresti, hinn fyrri endar í lok dags mánudaginn 30. júní 2014 og hinn síðari í lok dags mánudaginn 11. ágúst 2014.

Dómnefnd hefur ákveðið að lokaskil á tillögum í seinna þrepi verði kl. 16:15 þriðjudaginn 9. september 2014.

**Dagsbirta**

Dómnefnd leggur áherslu á að dagsbirtu gæti sem víðast í byggingunum.

**Efnisval og vistvænar áherslur.**

Dómnefnd leggur áherslu á að útfærsla bygginganna verði vistvæn í víðasta skilningi og mikilvægt er að val á efnum og áferð þeirra þjóni þeim tilgangi.

**Tengsl mannvirkja við umhverfi**

Tengingar við umhverfið svo og aðkoma að byggingunum þarf að vera góð.

Tengsl við náttúru og umhverfi, ána, fjallið og dalinn verður áhersluþáttur í skólastarfinu og nálægð við náttúruna móta vinnubrögð og húsnæði. Þetta á einnig við um alla aðra starfsemi í byggingunum.

**Skóli, leikskóli og frístundastarf**

Félagsaðstaða unglinga þarf að geta verið opin óháð skólastarfi og þarf að vera staðsett nálægt starfseiningum unglinga og í tengslum við menningarmiðstöð.

Æskilegt er að námseiningar eldri skólabarna verði í góðum tengslum við bókasafn en námseiningar yngri barna eru í góðum tengslum við matsal.

Vinnueiningar skólastjórnenda þurfa að vera í góðum tengslum við skólastarf.

Aðstaða til náms þarf að taka mið af stefnumótun borgarinnar um einstaklingsmiðað nám og markvissa samvinnu nemenda.

Leikskólasvæði taki mið af þörfum elstu leikskólabarnanna.

Æskilegt er að námseiningar yngri barna séu í góðum tengslum við útisvæði.

Skólinn er bæði grænfánaskóli og útikennsluskóli og leggur mikla áherslu á útinám og heilbrigði. Þess vegna er lögð áhersla á tengingu skólastarfs við útikennslu og náttúru.

**Menningarmiðstöð og bókasafn**

Almennt er vel tekið tillit til forsagnar í tillögunum fyrir menningarhús/bókasafn í Úlfarsárdal.

Það er gott að hafa í huga að salir/fjölnotarými nýtist sem best í daglegum rekstri og séu jafnvel nýtanleg sem almenningsrými þegar rólegra er í húsinu.

Því er gott að hafa sveigjanleika þessara rýma í huga.

Vinnuaðstaða þarf að vera í góðum tengslum við menningarhúsið/bókasafnið en ekki vera annars staðar í byggingunum.

**Sundlaug**

Huga þarf að staðsetningu sundlaugar miðað við sól og skjól. Sýna þarf fram á að sólar njóti á kyrrsvæðum eins lengi og hennar nýtur. Skjólmyndun fyrir suðaustanátt þarf að vera hluti af tillögunum.

Huga þarf að staðsetningu tæknirýmis sundlaugar eins og fram kemur í rýmisgreiningu og rýmið þarf að vera nálægt sundlaugarkerinu.

**Íþróttahús**

Áhersla er lögð á að félagið hafi sérkenni og bikarasafn sé sýnilegt.

Gætt sé að félagsrými og þá einnig á kappleikjum.

Hafa verður í huga að geymslur fyrir hús og velli verði vel aðgengilegar bæði utan og innan frá.

Salir og þvottaaðstaða verði í góðum tengslum við búningsherbergi.

Huga má að nýtingu svæðis milli stúku og salar sem nýtanlegs félagsrýmis.

Gengið er út frá að stúka sé miðjusett við keppnisvöll.

**Almenn atriði**

Bent er á að ef tillaga er stærri en tilgreint er í rýmisgreiningu þurfa tillöguhöfundar að bæta þar úr.

Tillöguhöfundar skulu skrifa í öll rými heiti og númer rýma samkvæmt rýmistöflu og nettó-fermetratölu hvers rýmis. Auk þess þarf að sýna brúttó-flatarmál hverrar hæðar og heildarflatarmál bygginganna.

Einnig skulu keppendur fylla út í rýmistöflu stærðir samkvæmt viðkomandi tillögu. Jafnframt skulu keppendur sýna innréttingar og húsgögn í öllum meginrýmum.

Mikilvægt er að tryggja öllum greiðan aðgang að öllum rýmum bygginganna; aðgengi allra.

Höfundar skulu skila inn lýsingu á efnisvali, uppbyggingu helstu byggingarhluta svo sem útveggja, þaka o.s.frv. Einnig lýsingu er varðar rekstarkostnað og umhverfis- og vistfræðiþætti.

Stefnt er að umhverfisvottun bygginganna.

Að öðru leyti gildir keppnislýsing og einstakar forsagnir eininganna.

## Tillaga 22 - merkt **80495**

### Sértækt álit dómnefndar fyrir seinna þrep

**Afstaða og skipulag**

Byggingarnar virka látlausar í umhverfinu og liggja samsíða Úlfarsbrautinni. Þær taka tillit til umhverfisins og ekki er útsýnisskerðing úr húsum ofan við Úlfarsbrautina. Byggingarnar mynda eina heild sem er brotin upp með mismunandi útbyggingum sem styrkir tillöguna mikið.

Byggingarnar skiptist í tvo meginhluta sem hafa sameiginlega aðkomu um hverfistorg sem tengir saman alla byggingarhlutana.

Byggingunum er skynsamlega fyrirkomið og góðar tengingar milli skóla og menningarmiðstöðvar og Fram eru á neðri hæð. Þær eru rýmismótandi og bjóða upp á aðlaðandi útirými og aðkomu. Gönguleið í gegnum byggingarnar á efri hæð er aðlaðandi og er skemmtileg brú milli dals og byggðar.

Samgönguásinn á neðri hæð er langur og ekki spennandi, en ofanljós gerir mikið fyrir hann.

Huga þarf þó að hvernig hæðarmunur er leystur og finna náttúrulegri leið til að ná sýnilegum markmiðum um gegnumflæði.

Huga þarf að þjónustuaðkomu allra bygginganna og staðsetningu á tæknirýmum með tilliti til lagnaleiða.

Huga ber að burðarvirkjum tillögunnar.

Staðsetning íbúðarkjarna er ekki góð og úr tengslum við hverfið.

Bent er á að tillagan reiknast stærri en tilgreint er í keppnislýsingu.

**Innra fyrirkomulag skóla**

Inngangur/aðalaðkoma er nokkuð þröng og opið milli hæða óþarflega stórt sem kemur niður á innra flæði almenningsrýmisins.

Endurskoða þarf fyrirkomulag sameiginlegra rýma og flæði og sýnileika á milli þeirra.

Leikskólaeining þarf að tengjast betur skólaeiningunum enda um efstu deildir leikskóla að ræða og samstarf við skóla mikið. Huga þarf að náttúrulegri birtu námssvæða í norðri.

Fyrirkomulag stjórnunarálmu er til fyrirmyndar.

Það er talinn kostur að leikskólahluti er næst núverandi leikskóla.

Auðvelt er að loka skólanum af frá annarri starfsemi og staðsetning stjórnunar og skrifstofu er góð.

Það er talinn kostur að yngstu nemendurnir eru á 1. hæð og frístundaheimili er í góðum tengslum við skólastarf.

Eldri nemendur eru í góðum tengslum við menningarmiðstöð en hún þyrfti að vera nær þeirra svæði og hafa möguleika á aðgengi á kvöldin þegar skólinn er lokaður að öðru leyti.
Innangengt er í íþróttahús.
Langir gangar einkenna tillöguna og þarfnast athugunar.
Huga þarf að tengslum skólastarfs við útikennslu og náttúru.

**Innra fyrirkomulag íþróttahúss**
Tillagan er vel leyst gagnvart Fram og félagsrými er gott.
Tenging er góð við íþróttahús, tenging eftir gangi í kjallara og yfirbyggð tenging á efri hæð.
Vel hefur tekist að sameina áhorfendasvæði, fréttamannaaðstöðu o.fl. fyrir inni- og útisvæði.
Óskað er eftir að skoðaðir verði möguleikar á félagsrými milli stúku og áhorfendasvæða í sal.
Íþróttahús er hluti af heild mannvirkisins í gegnum aðalinngang en einnig sjálfstæð eining með miðasölu o.fl.
Huga þarf vel að staðsetningu geymslna fyrir inni- og útisvæði.
Huga þarf að aðgangi áhorfenda beint að velli.
Flóttaleiðir til austurs úr íþróttasal eru óljósar.

**Innra fyrirkomulag menningarmiðstöðvar og bókasafns**
Fjölnotarými og vinnusvæði, sem er opið upp á aðalinnkomusvæðið, er ekki sannfærandi.
Barna- og unglingadeild fer ekki saman, þessir tveir hópar verða að vera aðskildir.
Fjölnotarými/salir eru alveg aðskildir frá safni og munu nýtast því illa með þessum hætti.
Aðkoman er frábær, góð tenging við sundlaug.

**Innra fyrirkomulag sundlaugar**
Sundlaugin er vel staðsett í tillögunni, tengigangur handan sundlaugar virkar þó þröngur og óspennandi.
Laugarsvæði er skjólgott og snýr móti sólu og út yfir græn svæði íþróttafélagsins og yfir dalinn.
Afgreiðsla laugar er í aðalmóttöku fyrir mannvirkið og gæti nýst öllum aðilum/starfsstöðum mannvirkisins, sem er kostur.
Starfsmannaaðstaða er slitin frá vinnusvæði laugar.
Athuga þarf staðsetningu tæknirýmis sundlaugar.

Tillaga 22 - merkt **80495**



## 1. verðlaun

## Umsögn dómnefndar eftir seinna þrep

Staðsetning bygginganna er góð með tilliti til stuttra vegalengda og eðlilegrar þéttingar byggðar. Höfundum tekst að skapa lifandi og fjölbreytilega ásýnd mannvirkis með því að brjóta byggingarmagnið upp í staka byggingarhluta sem taka mið af stærð og hæð húsanna í nánasta umhverfi. Hver eining endurspeglar hlutverk sitt en saman móta einingarnar þá samstæðu heild sem óskað er eftir. Með því að raða einingunum eftir endilöngum hæðarkantinum á óhefðbundinn hátt skapast spennandi útisvæði í beinum tengslum við innrými byggingarinnar. Þannig virðist byggingin styttri og hver starfseining fær sín eigin sérkenni án þess að skerða gæði heildarinnar. Borgarhlutinn fær nýjan aðlaðandi jaðar sem ljær honum nýja ásjón frá dalnum og tengir saman náttúru og byggð á ljóðrænan hátt.

Hlaðið á milli menningarmiðstöðvarinnar og íþróttamannvirkisins er auðfinnanlegt og afar skemmtilega útfært. Þetta miðsvæði hefur allt til að bera til að verða eftirsóttur dvalarstaður fyrir alla borgarbúa. Við hlaðið er aðalinngangur allra stofnana og auðvelt að rata bæði utan- og innandyra enda er byggingin sérlega vel skipulögð. Í sameiginlegu aðkomurými er opið á milli hæða og allar starfseiningar því vel sýnilegar og auðfinnanlegar. Rýmið er bjart og gott útsýni er yfir dalinn. Menningarmiðstöðin, bókasafnið og miðsvæðið eru í beinum sjóntengslum við sundlaugina sem liggur vel varin vindum í krika byggingarinnar, en er þó nokkuð aðkreppt af gervigrasvelli. Á neðri hæð er matsalur í góðum tengslum við rými yngri barnanna og sundlaugarsvæðið. Mikill kostur er að innanhústengsl eru á milli skóla og íþróttasalar Fram, þó vegalengdin sé nokkuð löng. Skipulag sundlaugarsvæðisins er í meginatriðum vel leyst. Þó skal taka fram að bein tenging búningsklefa við innilaugina hefur truflandi áhrif á þá kennslu sem þar fer fram.


Höfundar tillögu:

**VA ARKITEKTAR**
Heba Hertervig
Indro Indriði Candi
Magdalena Sigurðardóttir
Stefanía Sigfúsdóttir

Til aðstoðar:
Ólafur Óskar Axelsson

**Landmótun:**
Aðalheiður Kristjánsdóttir
Þórhildur Þórhallsdóttir

**EFLA verkfræðistofa**
Brynjar Örn Árnason
Guðrún Jónsdóttir
Ríkharður Kristjánsson

Skólabyggingin er í heild sinni vel skipulögð. Heimasvæði eldri nemenda er vel fyrir komið á efri hæð byggingarinnar. Nærliggjandi félagsaðstaða og rými tónlistarskólans stuðla að fjölbreytilegu félagslífi utan opnunartíma skólans. Til að forðast truflanir á kennslutíma hefur hver sjálfstæð starfseining eigið heimilisfang frá miðlægum gönguás sem tengir öll rými skólabyggingarinnar saman. Stærð og breidd gönguássins, ofanljós og sjóntengsl við neðri hæðina gera rýmið aðlaðandi og skemmtilegt. Skólinn uppfyllir allar kröfur sem nútíma kennsluaðferðir gera til rýmisgerðar skólabygginga. Stjórnunarrými skólans er auðfinnanlegt á efri hæð og þaðan er gott útsýni yfir dalinn og leiksvæði skólans. Þakgarðar af ýmsu tagi bjóða upp á aðstöðu fyrir útikennslu og margs konar aðra nýtingarmöguleika. Beint aðgengi eldri nemenda að eigin þakgarði og bein tengsl við útivistarsvæðið í suðri auka enn á gæði tillögunnar. Smiðjunni er valinn góður staður í vestasta hluta byggingarinnar og er í beinum tengslum við skjólgott útisvæði og tengist báðum hæðum skólans. Neðri hæðin er að sama skapi vel skipulögð og fjölbreytileg. Þar eru sjálfstæðar starfseiningar fyrir yngri börnin í beinum tengslum við aðliggjandi útisvæði. Leikskólinn teygir sig til suðurs og mótar skjólgott útivistarsvæði fyrir yngri börnin og er staðsetningin með tilliti til núverandi Dalskóla afar heppileg.

Þegar komið er inn í íþróttahúsið hafa gestir og gangandi góða yfirsýn yfir starfsemina. Félagsrými og skrifstofur félagsins þarfnast frekari útfærslu. Stjórnun, bikarasafn og félagsaðstaða umlykja íþróttasalinn og eru í beinum sjóntengslum við dalinn, íþróttasalinn og keppnisvöllinn. Á neðri hæð er að finna aðskilin búningsherbergi fyrir skólanema og félaga Fram í beinum tengslum við íþróttasalinn og útileikvanginn. Stúka er vel aðgengileg frá báðum hæðum en salurinn er ekki miðjusettur við keppnisvöll eins og óskað var eftir í forsögn.
Fyrirkomulag einstakra starfseininga er þannig að auðvelt er að skipta mannvirkinu í þrjá eða jafnvel fjóra byggingaráfanga.
Bílastæðum er vel fyrir komið og aðkomusvæði menningarmiðstöðvarinnar er eingöngu hugsað sem sleppisvæði fyrir foreldra. Bílastæðin austan og vestan allra bygginganna eru nauðsynleg og rýra ekki gæði almennra útivistarrýma fyrir framan byggingarnar.
Tveggja hæða bygging býður upp á marga kosti. Með því að nýta hallann í landinu eru öll rými í raun á jarðhæð, hvort sem þau eru uppi eða niðri.

Hálfgegnsæir plastpanelar veikja gæði tillögunnar töluvert og þarfnast sú hugmynd endurhugsunar höfunda.
Í heildina er tillagan vel útfærð og svarar vel forsendum forsagnar. Styrkur hennar felst í frjórri útfærslu útivistarsvæða og innirýma og innbyrðis tengslum þeirra. Vel tekst að skapa einstakt mannvirki sem setur mikinn svip á borgarhlutann og gerir hann aðlaðandi og eftirsóknarverðan í borginni án þess að skyggja á útsýnið frá íbúðarhúsunum yfir dalinn.

Tillaga 22 - merkt **80495**





Horft frá stúku yfir aðkomutorg





Barnabækur og kaffi í menningarmiðstöð



Geiramenn mæla sér mót á aðkomutorgi



Skipulagsuppdráttur 1:2000



Afstöðumynd 1:1000







80495

Tillaga 22 - merkt **80495**



Skurðmynd af íþróttahúsi Fram 1:200



Skurðmynd af aðkomutorgi 1:200



Skurðmynd af menningarmiðstöð og laug 1:200



Skurðmynd af skóla 1:200







Efnisval







Heildarstærðir





Gengið inn á sólríka skólalóð



Á leið í frímínútur



Bókum skilað á leið í sund

80495

Tillaga 5 - merkt **11046**

## Sértækt álit dómnefndar fyrir seinna þrep

**Afstaða og skipulag**

Staðsetning þjónustubygginga og íbúðabyggðar fellur vel að hverfum dalsins og eru í góðu samhengi við náttúrulegt umhverfi.
Heildaryfirbragð bygginganna virkar hógvært en metnaðarfullt og fallegt. Aðalaðkoma er vel staðsett en virðist nokkuð þröng.
Miðrými og góð tengsl við neðri hæð bjóða upp á áhugaverða upplifun þegar inn er komið.
Bílastæði virka yfirþyrmandi og rýra gæði aðkomu að aðalinngangi og þarfnast allt svæðið nánari skoðunar.
Almennt er almenningsrýmum vel fyrir komið, en huga þarf betur að samýtingu salarkynna og tengingu við stjórnunarhluta Fram.
Æskilegt er að matsalur sé í betri tengslum við almenningsrými og aðgengi þarf að vera gott með tilliti til aðfanga.
Tillagan reiknast of stór miðað við keppnislýsingu.

**Innra fyrirkomulag skóla**

Skólinn er ekki í góðum tengslum við skólalóð með tilliti til útikennslu og innra fyrirkomulag skólans virðist lítið unnið. Dreifing starfseininga er í sumum tilvikum ekki nógu góð og innra skipulag er ekki skólavænt. Bókasafn er of langt frá unglingasvæðum, stjórnun of langt frá daglegu skólastarfi og frístund fyrir 3.-4. bekk ekki í tengslum við viðkomandi kennslusvæði.
Form skólahlutans svarar ekki nógu vel því sem kallað er eftir í forsögn, kennslusvæðin eru djúp og þarfnast skoðunar er varðar dagsbirtu.
Það er kostur að yngstu nemendur eru á jarðhæð og félagsmiðstöð unglinga er með sér inngang.
Jákvætt er að kennslurými eru norðan megin og leiksvæði að sunnan.

**Innra fyrirkomulag menningarmiðstöðvar og bókasafns**
Salir eru aðskildir frá bókasafni og er lítill sveigjanleiki varðandi það fyrirkomulag.
Vinnurými er ótengt safni sem er óhagkvæmt.

**Innra fyrirkomulag íþróttahúss**
Form íþróttasalar er ekki samkvæmt forsögn Fram þar sem beðið er um að salurinn sé með tveimur fullgildum handboltavöllum samanber:

> *Íþróttahús og svalagangur*
> *Stærð þess ræðst fyrst og fremst af því að koma fyrir tveimur löglegum handboltavöllum í húsinu. Keppnisvöllur í handknattleik er miðjusettur í húsið. Unnt er að tvískipta salnum með fellitjaldi og fá þannig fram tvo löglega velli fyrir handknattleik. Áhorfendaaðstaða fyrir 1500-2000 manns er á inndraganlegum rafdrifnum pöllum. Gólfflötur salar er um 2100 m2 auk geymslurýmis og svalagangs hringinn í kringum salinn. Aðgengi áhorfenda í íþróttasalinn verður inn á svalaganginn og niður á áhorfendapallana. Með þessu móti er komið í veg fyrir skörun leikmanna og áhorfenda.*

Athuga þarf hvort hægt sé að tengja skrifstofu og félagsrými nær miðsvæði en halda séreinkennum félagsins. Huga má að betri útfærslu á rými milli stúku og salar og þá sem salur/félagssvæði.
Huga ber að aðkomu að keppnisvelli beint frá bílastæði.
Huga þarf að veitingasölu á leikjum.

**Innra fyrirkomulag sundlaugar**
Laugarsvæði snýr á móti ríkjandi vindátt og gæta þarf að skuggamyndun á hvíldarsvæði sundlaugar.

## Tillaga 5 - merkt **11046**



**2. til 3. verðlaun**

### Umsögn dómnefndar eftir seinna þrep

Byggingarnar falla vel að landi og mynda húsin þröskuld á milli dals og íbúðabyggðar Úlfarsárdals og er íbúðabyggð sett vestan bygginganna í góðum tengslum við núverandi byggð. Mannvirkið er staðsett á austursvæðinu með íþróttahúsið til vesturs. Byggingarnar eru mótaðar sem bogadregnar álmur og teygja sig frá aðalaðkomu niður í dalinn. Formin mynda skjólgott útisvæði að dalnum og vernda það gegn veðri og vindum.

Aðkoma að byggingunum er skýr bæði fyrir gangandi og akandi. Bílastæðum er haganlega komið fyrir við íþróttahúsið og landhalli er notaður til að skipta stæðunum í tvennt með gróðri á milli stæða. Tenging milli dals og Úlfarsárdalshverfis er leyst á afar hugmyndaríkan hátt með skábraut sem er jafnframt gönguleið og liggur yfir mannvirkið milli íþróttahúss og skólans. Auk þess er það kostur að greið leið er innandyra frá aðalaðkomu í gegnum bygginguna og út í dalinn.

Gönguleiðin dregur úr umfangi mannvirkisins, hún klýfur íþróttahúsið frá hinum einingunum og mildar þannig ásýnd þess. Hún tengist jafnframt efri hæð skólans á skemmtilegan hátt, ásamt því að mynda þak yfir aðalinnganginn og skyggni bæði til norðurs og suðurs. Þökin á íþróttahúsinu eru tengd við stúkuna og virka þau þó frekar stór og yfirþyrmandi .

Miðrými hússins blasir við frá aðalinngangi og er byggingin auðlesin þaðan. Vel útfærð settrappa tekur á móti gestum og leiðir þá niður á neðri hæðina að sundlauginni og torginu til suðurs. Settrappan tengir menningarmiðstöð og neðri hæðina vel saman ásamt því að vera góður vettvangur fyrir alls kyns uppákomur. Starfseiningar eru vel tengdar innbyrðis.

Höfundar tillögu:

**T.ark – Teiknistofan Arkitektar**

Hönnunarhópur:
Anja Schröter
Eva Sigvaldadóttir
Halldór Eiríksson
Hrafnhildur Magnúsdóttir
Pétur Stefánsson

Aðstoð:
Ásgeir Ásgeirsson
Guðmundur Möller
Ivon S. Cilia
Sverrir Ágústsson





Salur A og C eru vel staðsettir nálægt inngangi. Bókasafn og kaffihús eru prýðilega staðsett með útsýni yfir dalinn og sundlaugina. Form og útfærsla salar B er ósannfærandi. Aðkoma að íþróttahúsi Fram er að vestanverðu um anddyri sem er aðalaðkoma keppenda bæði að sölum innandyra og fyrir útikeppnisvöll og skapar þannig langar óspennandi innanhúss tengileiðir án tengsla við umhverfið.

Matsalur skólans er vel staðsettur en vöruaðkoma eldhúss er þó ekki góð. Þó nokkrir hnökrar eru á innra skipulagi skólans, byggingin er djúp og námssvæði í litlum tengslum við skólalóðina. Einnig er staðsetning fataherbergja m.t.t. heimanámssvæða og útganga sums staðar ekki góð. Löng gönguleið er frá frístund fyrsta og annars bekkjar framhjá leikskóla að útgangi. Staðsetning frístundarýmis 3. og 4. bekkjar er á annarri hæð en námsrými sömu bekkja og er það ekki samkvæmt forsögn. Aðkoma leikskólabarna og fyrsta og annars bekkjar er um austurinngang, aðkoman virkar fremur þröng og ekki er vel séð fyrir bílastæðum fyrir foreldra yngri barna, sem fylgja börnum í skólann. Mjög langt er á milli núverandi leikskóla og nýja leikskólahlutans.

Sundlaug er á jarðhæð og er í meginatriðum vel leyst. Útilaug er nokkuð aðþrengd milli húsa og nýtur aðeins sólar um miðbik dags en pottasvæði er á sólríkara svæði. Laugin er opin fyrir aðalvindátt. Hugmynd að skurði á milli inni- og útilaugar, sem hægt er að synda eftir, er skemmtileg. Umferð almennings frá búningsklefum í gegnum rými innikennslulaugar er ekki góð lausn. Tæknirými er ekki aðgengilegt að utanverðu og er það ókostur.

Einingarnar mynda eina heild undir sama þaki en byggingarnar eru brotnar upp á áhugaverðan hátt sem gerir útlitið í senn líflegt og aðlaðandi. Þök bygginga eru hallandi og uppbrotin og mynda eins konar landslag.

Tillaga 5 - merkt **11046**















Tillaga 5 - merkt **11046**







Útlit austur_mkv 1:200



Útlit vestur_mkv 1:200





Tillaga 15 - merkt **47825**

## Sértækt álit dómnefndar fyrir seinna þep

**Afstaða og skipulag**
Tillagan byggir á heildstæðri starfrænni heild sem er miðlæg gagnvart báðum hverfum. Umferð er ekki dregin úr Grafarholti í gegnum Úlfarsárdal heldur beint af Úlfarsbraut.
Byggingarnar eru vel staðsettar og tillagan rökrétt. Aðkoman er glæsileg og íbúðabyggðin fellur vel að hverfinu.
Aðkomu frá götu og úr dal er gert jafnhátt undir höfði og byggingin virðist vera til þess fallin að mynda góð tengsl við samfélagið. Form byggingar er skýrt og yfirbragð látlaust.
Falleg landslagshönnun og vel er hugað að útisvæðum sem form byggingar afmarkar og styður við.

**Innra fyrirkomulag skóla.**
Skólinn er vel tengdur við náttúruna og útikennslusvæði eru vel skilgreind, en skólastjórnun er of langt frá skólaeiningunni og daglegu starfi skólans.
Auðvelt er að loka skólarými frá annarri starfsemi og gert er ráð fyrir sveigjanleika í nýtingu rýma skólans.
Góð tenging er við samkomusal og félagsmiðstöð tengd unglingasvæði.
Óæskilegt er að sérgreinastofur séu ekki miðlægt staðsettar og frístundaheimili 1.-2. bekkjar er ekki í tengslum við skólastarf.
Matsalur mætti vera nær yngstu nemendum.
Dýpt skólabyggingarinnar, sér í lagi á jarðhæð, vekur upp efasemdir um gæði skólarýmanna og þarfnast skoðunar.
Dreifingu starfseininga er í sumum tilvikum ábótavant.

**Innra fyrirkomulag íþróttahúss**
Íþróttaásinn virkar þröngur og þarfnast betrumbóta.
Það vantar meiri sérkenni fyrir Fram með félagsrými við innkomu.
Keppnisvöllurinn þarf meira rými með hugsanlega stækkun áhorfendasvæða.
Góð tenging er á fréttamannarými milli vallar og salar og huga má að betri nýtingu þess svæðis sem salar/félagsrýmis.
Tenging við sameiginleg rými er ágæt.
Íþróttahús þyrfti að hafa skilgreinda félagsaðstöðu, starfsmannaðstöðu, miðasölu o.fl.
Keppnisvöllur er færður til suðurs og þurfa keppendur að rökstyðja þá færslu.
Stjórnunarrými þarfnast endurröðunar þannig að það sé í meiri tengslum við félagsstarfið.
Langt er á milli sala og búningsklefa og huga þarf að geymslum vegna valla.

**Innra fyrirkomulag menningarmiðstöðvar og bókasafns**
Aðkoma er góð og mjög góð tenging er við sundlaug og íþróttir.
Flæði er mjög gott og safnið virkar sem hjartað í húsinu.
Huga þarf að hljóðvist á milli íþróttahúss og menningarmiðstöðvar.
Óljóst er hvernig vinnuaðstaða skiptist og einnig er óhagkvæmt að hafa vinnuaðstöðu ekki beintengda við safnið sjálft.
Mikill kostur er að samkomusalir og fjölnotasalir virðast opnanlegir og með miklum sveigjanleika.
Skólasafn sem er í opnu rými er ekki sannfærandi.

**Innra fyrirkomulag sundlaugar**
Sundlaugasvæði þrengir of mikið að keppnisvelli.
Staðsetning sundlaugar er ekki aðlaðandi miðað við ríkjandi vindátt og veðurfar. Sólar gætir aðeins fyrripart dags.
Afgreiðsla laugar er ekki hluti af aðkomutorgi. Hvorki er sýnilegt aðgengi að íþróttahúsi né laug í anddyri. Samnýting í aðkomutorgi er því ekki augljós.
Sundlaug og leiksvæði eru fyrir utan kennslustofur nemenda og gætu haft truflandi áhrif.

## Tillaga 15 - merkt **47825**





**2. til 3. verðlaun**

### Umsögn dómnefndar eftir seinna þrep

Höfundar tillögunnar staðsetja mannvirkið á austurhluta lóðarinnar fjærst íbúðabyggð Úlfarsárdals í vestanverðri brekkunni. Markmið staðsetningarinnar er að efla á þann hátt flæði milli hverfa Úlfarsárdals og Grafarholts með hagkvæmni, samnýtingu, sveigjanleika og vistvæn sjónarmið að leiðarljósi.

Staðsetning byggingarinnar gerir aðrar kröfur til samspils náttúru og byggingarlistar en staðsetning í jaðri íbúðabyggðarinnar, því hún stendur stakstæð og er þar af leiðandi umlukin náttúrulegu umhverfi.
Byggingin svarar að hluta til sérstöðu staðarhátta. Formmyndun hennar sunnan megin leitast við að móta aðlaðandi opin útirými sem gefa jafnframt vísbendingu um innra rými byggingarinnar. Þetta er að hluta til gert til að marka skýra aðkomu og gönguleið í gegnum sameiginlegt aðkomurými. Endurtekning samskonar útirýmis austan aðalaðkomurýmisins gerir það að verkum að aðkoma virðist tilviljunarkennd og þar af leiðandi óskýr.

Fyrirferðarmikil bílastæði og íþróttahúsið aftengja aðrar starfseiningar frá íbúðarbyggðinni í Úlfarsárdal og skyggja á norðanverðan aðalinngang menningarmiðstöðvarinnar. Til norðurs myndar byggingin harðan kant sem tekur mið af legu Úlfarsbrautar. Höfundar nýta sér ekki þann möguleika að tengjast landslaginu betur með því að brjóta heildarformið upp til að móta aðlaðandi útisvæði í beinum tengslum við innirými skólans. Jákvætt er að greið aðkoma er að vörumóttöku eldhúss en hjólastæði, sleppistæði og sorpgeymsla rýra þó gæði sérinngangs skólabyggingarinnar.

Höfundar tillögu:

**TEIKNISTOFA ARKITEKTA**

**GYLFI GUÐJÓNSSON**
**OG FÉLAGAR ehf**

Arnfríður Sigurðardóttir, arkitekt FAÍ
Gylfi Guðjónsson, arkitekt FAÍ
Jóhann Einar Jónsson, arkitekt FAÍ

Landslagshönnun:
Lilja Filippusdóttir, landslagsarkitekt, FÍLA

Ráðgjöf og almenn aðstoð:
Árni Ólafsson, arkitekt FAÍ

Ráðgjöf vegna burðarvirkja og lagna:
Víðsjá ehf. verkfræðistofa
Jón Logi Sigurbjörnsson, verkfræðingur FRV






Innra rými sameiginlegs aðkomutorgs er spennandi og fjölbreytilegt. Fyrirkomulag sala og innbyrðis tengsl þeirra við miðrýmið býður upp á marga nýtingarmöguleika. Miðlægar tröppur tryggja góða yfirsýn og skapa skemmtilegar innbyrðis tengingar á milli allra hæða.

Skipulag einstakra námssvæða er vel leyst og býður upp á aðlaðandi starfssvæði fyrir kennara og nemendur skólans. Langir gangar án dagsbirtu rýra þó gæði sameiginlegra rýma. Miðrými skólans er ekki í beinum sjóntengslum við útisvæði og nánasta umhverfi. Smiðja og matsalur eru of langt frá svæði yngstu barnanna. Staðsetning leikskólans austast í byggingunni skapar langar vegalengdir fyrir aðkomu foreldra.
Byggingarhlutinn þar sem bókasafnið er til húsa er sambyggður íþróttahúsinu og gerir það að verkum að íþróttahúsið virðist enn stærra en það í rauninni er. Aðkoma að sundlaug á neðstu hæð hússins er þröng og ekki auðfundin, enda ekki sýnileg frá aðkomurými byggingarinnar. Útisundlaugin er óvarin fyrir veðri og vindum. Einnig er tenging aðkomutorgs við íþróttahúsið flókin og innanhúss vegalengdir miklar. Skrifstofur Fram á efstu hæð byggingarinnar eru ekki í tengslum við aðra starfsemi félagsins.

Fyrirkomulag aðkomu fyrir keppendur frá bílastæðunum skapar langar og óspennandi innanhúss tengileiðir án tengsla við umhverfið. Á miðju íþróttamannvirkinu vestanmegin er komið fyrir sorpgámum sem gera ásýnd vesturhliðar og aðkomusvæði þeirra sem koma akandi sérlega óaðlaðandi.

Meðvituð ákvörðun höfunda um að hanna þriggja hæða byggingu stingur í stúf við staðsetninguna sem kallar á ítarlegt samspil náttúru og manngerðs umhverfis. Hæð byggingarinnar hindrar sýn úr dalnum á brekkuna norðan hennar og veikir þannig gæði flæðiássins til muna. Ásýnd mannvirkisins í heild sinni, bæði hvað form og efnisval varðar, virkar framandi og tengslalaus við náttúrulegt umhverfi sitt.

Tillaga 15 - merkt **47825**



ORFT YFIR AÐKOMUTORG FRÁ FRÍSTUNDAHEIMILI Á 2. HÆÐ



ORFT AÐ ÍÞRÓTTAHÚSI FRÁ AÐKOMUTORGI Á 2. HÆÐ



REIST MYND 2. HÆÐ



REIST MYND 1. HÆÐ



ÁSÝND SUÐUR 1:200




ÁSÝND NORÐUR 1:200


ÁSÝND AÐ AÐALINNGANGI AÐ NORÐAN
ÁSÝND AÐ INNGANGI AÐ SUNNAN
FRAM
SNIÐ D 1:200
SNIÐ C 1:200
VISTVÆNAR ÁHERSLUR
EFNISVAL
SNIÐ B 1:200
SNIÐ A 1:200
47825

Tillaga 15 - merkt **47825**





ÁSÝND VESTUR 1:200



ÁSÝND AUSTUR 1:200





## Tillaga 14 - merkt **41470**

### Sértækt álit dómnefndar fyrir seinna þep

**Afstaða og skipulag**
Staðsetning skóla, menningarmiðstöðvar og sundlaugar vestan íþróttamannvirkis virkar rökrétt og í góðum innbyrðis tengslum. Aðkoma akandi og gangandi er skýr og örugg fyrir nemendur. Látlaus aðkoma að vörumóttöku – þjónustu er í ágætu skjóli við fyrirhugað gróðurbelti. Góð tenging er við leikskólann til vesturs. Stígar frá Grafarholti um dalinn tengjast byggingunum vel. Aðalinngangur frá *Hlaðinu* og tröppur honum tengdar virka fremur þröngar og þarfnast frekari úrvinnslu. Kaffihús og veitingaaðstaða eru í góðum tengslum við bókasafn/menningarmiðstöð og með útsýni að sundlaug.

Meginsamgönguás liggur samhliða landinu en starfsemi er raðað þvert á ásinn. Með þeim hætti er reynt að tóna stærðir bygginganna gagnvart umhverfinu. Fram tengist skóla og menningu ekki og mikið bílastæðaflæmi er á milli eininga.
Skoða þarf tengingu milli skóla og menningarhúss við íþróttahús.

Rými milli eininga er þröngt og þarfnast endurskoðunar.

Tillagan reiknast of stór og virðist umframstærð öll vera í íþróttahúsi Fram.

**Innra fyrirkomulag skóla**
Skólaþorpið „allir eru einstakir“ virðist virka vel í uppbyggingu námseininga og aldurshópa. Vesturinngangur á neðri hæð og austurinngangur frá Hlaðinu virka vel og góð yfirsýn yfir þjónustustarfsemi er af Hlaðinu þegar inn er komið – bókasafn, salir o.fl. Tillagan býður upp á styttri vegalengdir og möguleika á góðri birtu, en skoða þarf hvernig dagsbirta berst til norðurhliðar neðri hæðar Dalskóla, frístund 3. og 4. bekkjar. Vel er hugað að tvenndum og frístundarými í tengslum við þær.

Aðgengi úr kennslurými út á opin svæði er vel leyst.
Of stutt er á milli bygginga með tilliti til sólarljóss.

Óæskilegt er að félagsaðstaða unglinga sé á svæði yngri nemenda. Einnig er óheppilegt að sameiginlegir fundarsalir og fjölnotaherbergi eru við námssvæði yngri nemenda. Betri göngutenging þarf að vera við íþróttahús.
Aðkoma frá aðkomutorgi í skólann í gegnum fatahengi er ekki sannfærandi.
Aðalinngangur, Hlaðið, þarfnast nánari skoðunar og skoða þarf tengingu við neðri hæð.

**Innra fyrirkomulag menningarmiðstöðvar og bókasafns**
Mjög góð samtenging er við skóla og sundlaug. Flæði er ákjósanlegt og góð útfærsla á hugmyndum sem settar eru fram í forsögn um safnið.
Fjölnotarými/salir virka vel.

**Innra fyrirkomulag íþróttahúss**
Íþróttahús er vel hugsað með samlegð inni- og útivalla.
Engin tenging er við íþróttahús og lítil samlegðaráhrif með öðrum stofnunum mannvirkisins.
Íþróttahús tengist hvorki skóla né menningarmiðstöð. Í tillögunni eru flestar þarfir félagsins leystar, nema ekki er samkomusalur. Huga mætti að nýtingu svæðis milli vallar og salar sem salur og félagssvæði samhliða fréttamannaaðstöðu.
Huga þarf að geymslum með góðu aðgengi bæði í sal og útivelli.

**Innra fyrirkomulag sundlaugar**
Samþætting við aðra starfsemi mannvirkisins er lítil.
Laugarsvæðið er opið til suðurs og sólríkt, en huga þarf að morgunsól við gerð skjólveggja. Yfirbragð sundlaugarsvæðisins er fremur kantað og líflaust.

Gróðurskjólbelti gegn ríkjandi vindátt er góð hugmynd. Kostur er að kennaraherbergi og starfsmannaaðstaða er nálægt vinnusvæði. Aðkoma að tæknirými er vel staðsett. Möguleiki er á afgreiðslu við laug.
Möguleiki er á stækkun laugarsvæðis.

## Tillaga 14 - merkt **41470**



### Umsögn dómnefndar eftir seinna þrep

Staðsetning mannvirkis er vestan við aðkomutorg sem skilur að íþróttahús Fram og aðrar starfseiningar. Höfundum tekst ágætlega að fylgja markmiðum sínum, að draga úr áhrifum byggingarmassa með mælikvarða og yfirbragð nærliggjandi byggðar að leiðarljósi er varðar skóla og menningarmiðstöð en ekki stúku og íþróttahúss. Aðkoma gangandi og akandi frá Úlfarsbraut er skýr, þó rýra bílastæði á torginu gæði þess. Grænir gönguásar sem tengja skólabyggingu um bílastæði við íþróttahús Fram móta ekki nægilega örugga gönguleið á milli staða að mati dómnefndar. Sameiginlegt bílastæði með Dalskóla þjónar þó vel leikskólahlutanum og yngstu nemendum grunnskólans. Íþróttastarfsemi Fram er í stakstæðri byggingu, austan við sameiginleg bílastæði og engin tenging er innanhúss við aðrar einingar. Þrátt fyrir að dregið sé úr stærðaráhrifum flestra bygginga, virka stúka og önnur þróttamannvirki stórgerð og yfirþyrmandi.

Aðalinngangur, Hlaðið, er yfirbyggt torg á tveimur hæðum og gefur gestum góða og líflega yfirsýn yfir húsið, svo sem bókasafn, samkomusali, sundlaug o.fl. Skemmtileg sjónræn tengsl eru frá Hlaðinu að fjölnotagarði, Hlaðvarpa, sem er mjög fallega mótað útirými. Ljósop milli hæða Hlaðsins eru fremur þröng og takmarka nokkuð rýmisgæði þess. Auðvelt er að loka menningarmiðstöð frá skólabyggingu þegar þörf krefur.

Námssvæðin eru samofin samgönguás sem tengir saman báða inngang skólans. Kennslu- og starfseiningum er raðað þvert á ásinn, þannig verða gönguleiðir um hann styttri en að sama skapi eru kennsluálmur frekar djúpar og lengri vegalengdir að innstu heimasvæðum. Heimasvæðin byggja á opnum rýmum með góðan sveigjanleika í innra skipulagi.


Höfundar tillögu:

**HORNSTEINAR ARKITEKTAR**
Andrés Narfi Andrésson, arkitekt FAÍ
Ólafur Hersisson, arkitekt FAÍ
Þórður Þorvaldsson, arkitekt FAÍ
Ögmundur Skarphéðinsson, arkitekt FAÍ

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir, landslagsarkitekt MLI FÍLA
Sigríður Brynjólfsdóttir, landslagsarkitekt FÍLA





Gott flæði dagsbirtu og góð tengsl við vel útfærða fjölnotagarða auka á gæði skólans. Matsalur skólans er miðlægur og ágætlega fyrirkomið en gönguleiðin fyrir yngstu börnin er of löng. Leikskólinn er vel staðsettur í vesturhluta hússins nálægt heimasvæði yngstu nemenda og Dalskóla. Ytra form hans gefur honum sérstöðu útlitslega og innra skipulag er gott og rýmin njóta góðrar dagsbirtu. Einnig eru greið tengsl við frístundaheimili, útirými og leiksvæði. Frístundaheimili er ágætlega staðsett en óheppilegt er að umferð um samgönguás fari í gegnum það.

Aðkoma að forsal Fram á fyrstu hæð er góð og innra skipulag með skrifstofum og starfsmannaaðstöðu er ágætlega leyst. Útlitsmyndir til skýringar á íþróttamannvirki eru mjög takmarkaðar og erfitt að taka afstöðu til þeirra því heildarásýnd byggingar er takmörkuð í framsetningu höfunda.

Sundlaugin er í rökréttum og góðum tengslum við Hlaðið og meginaðkomu menningarmiðstöðvar. Innra skipulag er gott.
Útisundlaug með heitum pottum og vaðlaugum snýr ágætlega að dalnum.
Vel er hugað að sjálfbærni og vistvænni hönnun svo sem í ofanvatnslausnum og grænum þökum.

Tillaga 14 - merkt **41470**





HLAÐVARPINN






AÐKOMA AÐ HLAÐI



HORFT AÐ ÍÞRÓTTAHÚSI EFTIR GRÆNA ÁSNUM



SNIÐ A-A - 1:200



ÍÞRÓTTAHÚS - GRUNNMYND 3. HÆÐAR - 1:200 / K. 52.60

ÚLFARSÁRDALUR SEINNA ÞREP
SKÓLI, MENNINGAR- OG ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ

41470

## Umsagnir dómnefndar um tillögur sem ekki fóru áfram á seinna þrep

## Tillaga 16 - merkt **50557**



### Innkaup

Tillagan er mjög skýr og vel framsett. Línuleg og öguð samsetning mannvirkisins tengir starfseiningar saman og skapar góða heildarmynd sem er í senn auðlesanleg og heildstæð. Höfundar ná því markmiði sínu að draga fram náttúrulega eiginleika svæðisins ásamt því að styrkja götumyndina. Samspil og staðsetning einstakra starfseininga er mjög gott. Aðalinngangurinn er vel staðsettur og auðfinnanlegur bæði frá borgarhlutanum og dalnum. Innri rými allra starfseininga hafa bein tengsl við útisvæði til suðurs sem eykur gæði tillögunnar.

Í það heila er mannvirkið mjög vel skipulagt og fellur vel að landinu í kring. Heildaryfirbragð bygginga er áhugavert og agað en virkar nokkuð stíft í umhverfi dalsins.

Færsla íþróttahúss að gervigrasvelli samræmist ekki keppnislýsingu.

Íbúðakjarni með möguleikum fyrir kaupmanninn á horninu er skemmtileg hugmynd.


Höfundar tillögu:

Hans H Tryggvason arkitekt, verkefnisstjórn

**TOPIC arkitektar SA**
Constantin Boincean, arkitekt
Ralph Bertram, arkitekt

**CITYFÖRSTER architecture + urbanism**
Kristin Bartels, arkitekt
Marrlit Schwarzer, arkitekt


50557

## Tillaga 13 - merkt **35956**



### Athyglisverð tillaga

Ljóðræn hugmynd sem leitast eftir að tengja saman himin og jörð er heillandi og falleg. Sterkasti hluti tillögunnar er ásýndin á mannvirkið frá dalnum. Hún er í senn hrífandi og ævintýraleg.

Með því að bæta við íbúðabyggð vestan við fyrirhugað íþróttahús tekst höfundum að fullmóta borgarhlutann og skilgreina nýjan jaðar núverandi byggðar í brekkunni austan íþróttahússins. Nýja mannvirkið tekur mið af þeirri ósk íbúa að allt borgarsamfélagið í dalnum hafi jafnan aðgang að menningarmiðstöðinni. Staðsetning einstakra starfseininga austan megin við íþróttahúsið mótar nýjan auðfinnanlegan aðalinngang sem tengir saman hæðirnar og dalinn.

Byggingin fylgir ekki hæðarlínum. Til þess að fá náttúrulega birtu inn í rýmin norðan frá er tveggja hæða gryfja eftir byggingunni endilangri. Þetta hyldýpi er óskiljanlegt, ekki síst þegar tengslin við náttúruna eru hvati hugmyndarinnar. Öll rými sem snúa til norðurs hafa ekkert útsýni nema steinsteyptan vegginn sem fylgir aðalgötunni í gegnum hverfið.

Í sameiginlega rýminu við aðalinnganginn er að finna öll þau rými sem þjóna gestum byggingarinnar. Þeim er komið fyrir á mismunandi pöllum sem gerir bygginguna óþarflega flókna og erfiða yfirferðar.

Ábúðarmiklir tvöfaldir burðarveggir bæði í skólanum og í öðrum hlutum mannvirkisins koma í veg fyrir fjölnýtingu rýma.

Gerð og skipulag íþróttahússins uppfyllir ekki þær kröfur sem til slíkra mannvirkja eru gerðar.

Sundlaug er í skjóli nálægt mannvirkinu og nýtur sólarljóss allan daginn.


Höfundar tillögu:

**Berenice Del Valle Moran, MA Architecture ( ETSAM MADRID)**

**Manon Lucile Tardieu, MA Architecture (TU DELFT)**

Samstarf:

Cesc Massanas Van de Veen, MA Architecture (ETSAB Barcelona)


35956

## Tillaga 01 - merkt **02193**



Tillagan er fylgin frjórri grunnhugmynd sinni um listrænt form sem skírskotar til samspils náttúru og manngerðs umhverfis. Um er að ræða skel sem inniheldur fjölnota rými sem og stofnanir hverfisins en innri skipan er ekki í takt við forsögn. Takmörkuð afstaða virðist tekin til landhalla varðandi legu og forms byggingarinnar og virkar tillagan því framandi.

Engin íbúðabyggð er sýnd.

Jákvætt er að innangengt er í alla starfsemi skólans. Hver tvennd er sjálfstæð og orkar það tvímælis. Stjórnun er úr tengslum við daglegt starf, matsalur er langt frá yngri nemendum og þröngir gangar eru milli eininga á efri hæð.

Í greinargerð kemur ekkert fram um tengingu skólastarfs við útikennslu eða náttúru.

Sundlaug er ekki vel staðsett og aðstaða við aðalleikvöll Fram er ekki samkvæmt forsögn.

Tillagan virkar kostnaðarsöm, viðhaldsfrek og því ósannfærandi.

Tillagan er ágætlega fram sett.

Höfundar tillögu:

**Ielyzveta Goncharenko**
**Anastasiya Paliy**
**Anastasiia Kovalova**
**Victoria Shevchenko**

**Kharkiv, Ukraine**


02193

## Tillaga 02 - merkt **03141**



Tillagan styrkir heildarmynd íbúðahverfisins og skapar jafnframt nýjan jaðar sem er vel sýnilegur frá nærliggjandi borgarhlutum. Með því að brjóta byggingarnar upp í einstakar einingar og raða þeim upp eftir hæðarlínunni endilangri tekst höfundum að fylgja þeim mælikvarða sem þegar einkennir hverfið. Það sama á við tillögu að hefðbundinni íbúðabyggð beggja vegna mannvirkisins.

Hugmynd höfunda, að láta bygginguna falla að landinu t.d. með að grafa íþróttahúsið inn í landið, er góð og uppröðun einstakra stofnana er rökrétt en þó ekki gallalaus.

Margir sýnilegir inngangar eru inn í skólahúsið og dregur það úr vægi aðalinngangs.

Langur gangur liggur eins og rauður þráður í gegnum mannvirkið og tengir allar starfseiningar byggingarinnar saman. Starfseiningar eru fremur einangraðar og í litlum innbirðis tengslum.

Á þaki íþróttahúss er sýndur garður en erfitt er að sjá notagildi hans þar sem engin rými snúa að honum. Auk þess byrgir skýlið yfir áhorfendastúkunni útsýni yfir dalinn.

Sundlaugaraðstaðan er vel staðsett á milli aðalinngangs og íþróttaaðstöðu hússins.

Höfundur tillögu:

**Sigurður Kolbeinsson, arkitekt FAÍ**



## Tillaga 03 - merkt **03197**




Hugmyndin um farveginn, náttúruna, samfélag og einingar sem tengjast farvegi á mismunandi vegu er spennandi. Farvegurinn sem framrás, skorðu og breytileiki er táknmynd sem höfundar hafa að leiðarljósi. Form bygginga eru ávöl en nokkuð stíf með grasþökum og veggir í sjónsteypu en línulegt fyrirkomulag einstakra starfseininga virkar einsleitt og myndar langan og fremur lokaðan vegg sem sker hverfið frá dalnum. Tilraun er gerð til sveigjanleika en útveggir eru langir og farvegurinn farinn að stýra lengdinni of mikið, sundlaug er jaðarsett. Dalskóli er nýttur fyrir yngstu deildir leikskóla og staðsetning á leikskóla í vesturhluta tillögunnar er góð vegna tengsla við hann. Álmur skólans sem snúa til norðurs móta útirými sem nýtast illa til útikennslu.

Tillagan er framandi og í litlum tengslum við umhverfið. Höfundar nýta takmarkað þá möguleika sem lóðin býður upp á. Það kemur best fram í sneiðingu sem sýnir greinilega að mannvirkið er hannað án þess að tengja það við landhalla lóðarinnar.

Aðalaðkoman, aðkomutorgið, er ekki aðlaðandi með bílastæði eftir endilöngu mannvirkinu.

Höfundar tillögu:

**Arkitektastofan OG**

Sigurður Gústafsson, arkitekt
Garðar Guðnason, arkitekt
Jódís Ásta Gísladóttir, byggingafræðingur
Lena Margrét Aradóttir, byggingafræðingur


AFSTÖÐUMYND
1:1000
SNEIÐING B-B
1:500
SNEIÐING C-C
1:500
GRUNNMYND 1. HÆÐ
1:500
GRUNNMYND 2. HÆÐ
1:500
2. HÆÐ
1:500
1. HÆÐ
1:500
03197

## Tillaga 04 - merkt **10101**



Höfundar tillögu:

**Metric Hand System, Urbanismo Arquitectura & Design, Lda**

**Lisboa, Portugal**

Pedro Cordeiro, Architect Senior

Mário Henriques, Architect Senior

Patricia Dominguez, Architect Senior

Miguel Pinheiro, Landscape Architect

Ellin Traustadóttir, Designer

Paulo Guilherme, Architect Senior

Bruno Ferreira, Designer

Joana Maia, Arcihtect Junior

Inês Valle, Architect Student

Jean – Patric Scheepers, Sustainability Consultant

Ólafur B Ólafsson, Cultural and Sociological Consultant

Löng tveggja hæða bygging sem er einskonar múrsteinn, með tvennskonar ytra byrði og virkar nokkuð flókin. Byggingin, og frjálsleg form hennar, virðist þó ekki veita starfseminni þau gæði sem kallað er eftir. Þrátt fyrir uppbrot og innigarða er byggingin djúp og njóta norðurrýmin takmarkaðrar dagsbirtu. Viðleitni til að tengja mannvirkið við náttúruna, þar sem náttúran vex inni í einskonar hellum er áhugaverð. Inngangar eru rökrétt staðsettir og tengsl starfseininga með tilliti til samlegðar og samnýtingar er með ágætum. Tenging skóla að sundlaug og íþróttahúsi er góð.

Grunnhugmynd tillögunnar er ekki raunhæf.



## Tillaga 06 - merkt **14061**



Aðkoma er frá Úlfarsbraut að norðan á aðkomutorgið sem tengir Grafarholtið og Úlfarsárdalsbyggðina saman.

Byggingarnar eru brotnar upp til að laga þær að umhverfinu en eru þó mjög mismunandi í formi og stærð. Skóli og menningarmiðstöð standa frekar hátt í landi sem gerir þær stórgerðar að íbúðabyggðinni. Tengibygging er sjónrænn samnefnari fyrir byggingarnar sem hver og ein á sín sérkenni. Staðsetning sala menningarmiðstöðvar á tengigangi virkar framandi. Aðkomutorg er vel tengt göngu- og hjólaleiðum.

Byggingarnar eru tengdar saman svo það er hægt að ferðast innandyra um allar byggingarnar.

Tillagan er skýr og vel framsett.


Höfundar tillögu:

**Batteríið Arkitektar ehf**
**Landslag ehf**

Starfsmenn:
Ingunn Lillendahl, arkitekt FAÍ
Jón Davíð Ásgeirsson, arkitekt FAÍ
Jón Stefán Einarsson, arkitekt FAÍ
Sigurður Einarsson, arkitekt FAÍ
Svava Björk Jónsdóttir, arkitekt FAÍ
Þórarinn Malmquist, arkitekt FAÍ
Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt FÍLA


Séð frá hringtorgi
Séð frá Úlfarsárdal
N
Skipulagsuppdráttur 1:2000
Afstöðumynd 1:1000
14061

## Tillaga 07 - merkt **14201**




Því miður er tillagan það lítið unnin að erfitt er að taka afstöðu til hennar.

Grunnhugmyndin byggir á miðsettum engli með austur- og vesturvængi sem er framandi.

Gert er ráð fyrir knatthúsi sem var ekki í keppnislýsingu og er aðaláherslan á íþróttahluta tillögunnar.

Ágæt viðleitni til að móta miðlæga heild en erfitt að átta sig á árangri þess vegna takmarkaðra teikninga.

Höfundar tillögu:

**Arkitektastofan**
**GRÆNIR FINGUR**

Birgir Breiðdal, Art Director
Birgir Breiðdal, arkitekt FAÍ
Ása Heiður Rúnarsdóttir


A
Grunnmynd 1.h
Grunnmynd 2.h
A
14201
x

## Tillaga 08 - merkt **15986**



Markmið tillögunnar, sem er að skapa einstaka, nútímalega og formsterka byggingu í góðum tengslum við byggð og náttúru, er áhugavert og tekst að nokkru leyti. Form mannvirkisins og þröng horn bygginga draga úr gæðum útirýma og bera þau ofurliði. Aðalaðkomuhlið bygginga er fremur há en stöllun bygginga mildar nokkuð ásýnd frá íbúðarbyggð og dalnum. Aðkoma og inngangur að skóla og menningarmiðstöð eru vel staðsett. Nokkuð flókin tengsl og samsetning byggingareininga draga úr ágætum markmiðum höfunda að tengjast sem best náttúru dalsins. Miðlægur yfirbyggður innigarður sem tengir rými saman er áhugaverður en virkar nokkuð víðáttumikill, tröppur og stallar gera hann erfiðan yfirferðar. Beint aðgengi frá kennslunámssvæðum að útisvæði og garði er takmarkað.

Tengsl menningarmiðstöðvar og skóla að íþróttamiðstöð virka þröng og búningsaðstaða íþróttahúss á efri hæð tengist sal og útivelli illa.

Ný íbúðarbyggð opnast ágætlega að dalnum en heildarform er stíft og framandi.

Höfundar tillögu:

**CEBRA + KRADS**

KRADS:
Kristján Eggertsson, arkitekt FAÍ
Kristján Örn Kjartansson, arkitekt FAÍ
Kristoffer J Beilman, arkitekt MAA
Mads Bay Möller, arkitekt MAA

Guðni Valberg, arkitekt FAÍ

CEBRA:
Mikkel Frost, arkitekt MAA
Carsten Primdahl, arkitekt MAA
Kolja Nielsen, arkitekt MAA

Kazuhiko Yazaki, arkitekt
Flemming Svendsen, arkitekt MAA
Zang Ai, junior arkitekt
Gabriele Bergna, junior arkitekt
Naoto Abe, junior arkitekt


2
15986

## Tillaga 09 - merkt **20806**



Tillagan byggir á skipulögðu einingamynstri með glerjaða garða sem búa til innilandslag sem ver gegn veðurhörku árstíðanna. Glerjuðu garðarnir eiga að veita birtu sem einskonar vitar í dalnum, þegar þeir eru upplýstir. Tillagan er fínleg og heillandi framsett en tillöguhöfundar virðast festast í einingaforminu og líður innra skipulag fyrir það.

Hugmynd að innigörðum er falleg og gefur fyrirheit um góð rými.

Einingarnar eru ferhyrndar sem gera afstöðuna stífa, þannig að þessi góða hugmynd að þyrpingum virkar ekki í þessu stífa byggingarmynstri.

Útlitið er frumlegt og með sterk einkenni. Byggingin gæfi dalnum skemmtilega ásýnd að næturlagi með alla glerturnana upplýsta.

Áhugavert er að aðkoman er bæði frá Úlfarsbraut og dalnum.

Stór glerturn er á íþróttahúsinu, en það er ekki æskilegt vegna sólarljóss.


Höfundar tillögu:

**Arquitectors**

José Manuel Guerrero Vega
Elena Guillermina Guerrero Ogando
Amalia Ogando Herránz
Pablo José Pérez Micó

Estudio de Arquitectura FEIXA
Madrid, Spain


ÚLFARSÁRDALUR
2
20806

## Tillaga 10 - merkt **24640**





Tillagan byggir á skýrri hugmynd um meginásinn Framabraut sem einskonar þroskaferli nemenda. Hann teygir sig frá leikskóla um skólann að íþróttahúsi og tengir mannvirkin saman. Gott aðgengi er að skólanum og ágæt tengsl við leikskólann í vestur, en tengingu við íþróttahús er ábótavant. Ágætar hugmyndir eru uppi varðandi notkun Framabrautarinnar. Aðalinngangur að aðkomutorgi virkar fremur þröngur og ekki augljóst hvernig Framabrautin sker þar í gegn. Sterkur þráður Framabrautar flosnar upp vegna lengdar og stærðar bílastæða á milli menningarmiðstöðvar og íþróttahúss. Aðkoma fyrir akandi og gangandi er rökrétt.

Höfundar gera ráð fyrir töluverðri landmótun á svæðinu til að geta fylgt hugmyndum sínum eftir. Breytingarnar valda því að ekkert náttúrulegt flæði er á milli dalsins og borgarkjarnans. Útivistarsvæðin næst byggingunum eru hellulögð og lúta reglum mannvirkjanna og Framabrautarinnar án þess að mynda tengsl við náttúruna.

Form skólans veldur því að langt er á milli einstakra starfseininga og engin hringrás innan skólans er möguleg. Opnu námsrýmin hafa lítið útsýni yfir dalinn og ekki beinan aðgang að útirýmum eins og óskað var eftir. Lítil samlegðaráhrif eru með öðrum stofnunum mannvirkisins.

Útisvæði sundlaugar er vel staðsett í skjóli frá ríkjandi vindátt, en sundlaugarsvæðið nýtur ekki sólar fyrr en eftir hádegi. Stúka við íþróttahús er aðeins við eystri helming vallar.

Höfundar tillögu:

**ALARK arkitektar ehf**

Kristján Ásgeirsson, arkitekt faí
Hans Orri Kristjánsson, arkitekt

Aðstoð:
Hjalti Brynjarsson, arkitekt
Bjarni Einarsson, byggingafræðingur
Jakob E. Líndal, arkitekt faí

Ráðgjöf:
Erlendur Birgisson, byggingaverkfræðingur


FRAMABRAUTIN
Skóli, menningar- og íþróttamiðstöð í Úlfarsárdal
24640

## Tillaga 11 - merkt **31033**




Staðsetning nýju mannvirkjanna tengist eldri leikskólabyggingu afar vel og uppbyggingarklasinn verður hjarta hverfisins.

Hugmyndin byggir á menningargötu. Byggingarklasinn samanstendur af átta álmum eða einingum sem tengjast samfelldri menningargötu sem hefur tvo aðalinnganga, að austan og vestan. Grunnformin mynda skjólgóð útirými og þök eru einnig nýtt sem útisvæði og stækka þannig skólalóðina. Formið er hugsað til að skapa skjól á svæðinu og sporna við ríkjandi vindáttum. Form skólabyggingar eru afgerandi en ekki auðskiljanleg. Skólalóð í gryfjum norðan skólabyggingar er illa nothæf til útivistar og aðkomu. Byggingin tekur ekki tillit til landhalla.

Innra fyrirkomulag skóla er til fyrirmyndar og samræmist vel hugmyndafræði um nútímaskólastarf. Sérstaklega er vel hugað að tengingu skólastarfs við náttúruna til suðurs og byggingarnar móta góð nærsvæði á skólalóð.

Fram er aðskilið frá öðrum einingum með bílastæðaflæmi og tengingin óspennandi.

Sundlaug er vel fyrir komið á skjólsælum stað og lausnir á suðurhluta lóðar eru með ágætum.

Höfundar tillögu:
**a2f arkitektar**

Samstarfsaðili:
Kanon arkitektar ehf

Hönnunarteymi:

Aðalhönnun:
Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAÍ, a2f arkitektar
Falk Krüger, arkitekt AKT, a2f arkitektar
Eyrún Valþórsdóttir, arkitekt FAÍ, a2f arkitektar

Landslagshönnun:
Birkir Einarsson, landslagsarkitekt FÍLA,
Kanon arkitektar

Aðstoð:
Þorkell Magnússon, arkitekt FAÍ, Kanon arkitektar


Úlfarsárdalur - Skóli, menningar- og íþróttamiðstöð
Á mörkum náttúru og byggðar
Afstöðumynd
mkv. 1:1000
Sundlaug
31033

## Tillaga 12 - merkt **33333**



Tillagan Bugðan er áhugavert og skýrt þema sem skírskotar til árfarvegs dalsins. Hún byggir á því að byggingar liggja lágt í landinu og eiga að skapa leik á milli byggðar og dals. Byggingarnar eru með grænu þaki og leitast er við að þær verði hluti af dalnum. Byggingarnar eru djúpar og njóta innirýmin takmarkaðrar dagsbirtu þar sem þau opnast eingöngu að dalnum.

Sameiginleg aðkoma á 3.hæð er rökrétt staðsett og mótar áhugavert kennileiti. Skóli, menningarmiðstöð og bókasafn eru ágætlega samtengd en Fram er aðskilið með bílastæðum. Íþróttahúsið er skemmtilega fellt inn í landið og bætt er við framtíðaríþróttahúsi sem ekki er gert ráð fyrir í keppnislýsingu.

Tillagan er nokkuð skýr í forminu, fellur vel að landi og er auðlesanleg. Mikið er um langa ganga. Ef þak væri ekki grænt og framsetning væri með öðrum hætti gæti hún virkað nokkuð stórgerð.

Lágreist íbúðabyggð er austan íþróttahúss.


Höfundar tillögu:

**ARKITEÓ + ATENASTUDIO**

Arkiteó:
Einar Ólafsson, arkitekt FAÍ
Magdalena Sigurðardóttir, arkitekt
Atenastudio:
Marco Sardella, arkitekt
Rosanna Atena, arkitekt

Verkfræðiráðgjöf:
Verkfræðiþjónusta Erlends Birgissonar
Verkhönnun verkfræðistofa

Arkitektaráðgjöf:
Helena Björgvinsdóttir, arkitekt
Hulda Sigmarsdóttir, arkitekt
Valdimar Harðarson Steffensen, arkitekt


BUGÐAN // skóli, menningar- og íþróttamiðstöð í Úlfarsárdal
skipulagsuppdráttur 1:2000
ÍBÚÐABYGGÐ
ÚLFARSÁRDALS
ÚLFARSÁRDALUR
afstöðumynd 1:1000
Úlfarsbraut
DALSKÓLI
SUNDLAUG
ÍÞRÓTTAHÚS
#1 33333

## Tillaga 17 - merkt **55555**



Höfundar tillögu:

**PSLA ARCHITEKTEN ZT KG**

Arch. Lilli Pschill
Arch. Ali Seghatoleslami
Dipl. Ing. Maria Myskiw
Mag. Eyþór Halldórsson

Ráðgjöf:
LOOP

Arch. Jens Guldbæk
Mie Gulbæk Brøns

Tillagan gengur út á samspil náttúru og samfélags og er djörf og spennandi. Byggingin myndar heild og er öll felld inn í landslagið. Byggingarnar opnast á móti dalnum í kringum fjögur útisvæði mismunandi að stærð. Landslagsformun er framandi og staðsetning sundlaugar ekki góð. Samspil eininganna er áhugavert, en landslagsformun er framandi og staðsetning sundlaugar ekki góð.

Tillagan virkar eins og jarðhýsi þó reikna megi með að stórir glerfletir í suður fullnægi birtukröfum að mestu. Bílastæði eru í vesturjaðri.

Tillagan sýnir frjóa nálgun við verkefnið og er vel framsett.


grunnmynd +02 +9.00 M 1:500
grunnmynd +01 +4.00M 1:500
grunnmynd -01 -7.00 M 1:500
grunnmynd 00 ±0.00 M 1:500
skurðmynd A-A 1:500
ÚLFARSÁRDALUR - SKÓLI, MENNINGAR- OG IÞRÓTTAMIÐSTÖÐ HÖNNUNARSAMKEPPNI
ID # 55555

## Tillaga 18 - merkt **73847**







Höfundar tillögu:

**Arkitektúr stúdíó Alessio Patalocco og tilheyrandi**

Arkitekt stofnandi:
Alessio Patalocco
Félagi Architect:
Simone Stentella

Teymi sérfræðinga sem tóku þátt í keppninni:
Arkitekt Roberto Dello Stritto
Arkitekt Marco Silvi
Arkitekt Chiara Ricci
Verkfræðingur Massimo Bernelli
Arkitekt Martina Guidi
Dott. Elena Monticelli

Mjög lítið unnin tillaga sem er nokkurskonar burstabyggð með glerræmum í þaki. Formið illskiljanlegt og framandi en uppbygging súlna sem skógar er áhugaverð. Ekki er tekið tillit til landhalla við útfærslu byggingarinnar sem er byggð á flötu landi.



WM
Þversnið Isometric
Skoða Norður
Skoða South
73847

## Tillaga 19 - merkt **74143**



Tillagan byggir á staðsetningu vestan íþróttahúss vegna nálægðar við skólahverfið og styttri gönguleiða fyrir börn. Miðrými er staðsett við vesturhlið Fram og tengir allar byggingar saman. Grænt torg er fyrir framan miðrými og styrkir hjarta hússins sem á að vera eins konar hverfistorg. Menningarmiðstöð og bókasafn eru vel staðsett, snúa að aðkomutorgi og með gott útsýni yfir dalinn. Tvenndum og kennslueiningum er raðað saman í mismunandi stærðum líkt og húsum við götu, sem er áhugavert. Skólagatan er nokkuð breið en óþarflega lokuð á milli hæða. Leikskóli er vel staðsettur með skýrri aðkomu.

Færsla íþróttahúss að gervigrasvelli samræmist ekki keppnislýsingu.

Tillagan er nokkuð hefðbundin og því fremur óspennandi, en virkar jarðbundin og skynsamleg.


Höfundar tillögu:

Albína Thordarson, arkitekt FAÍ
Ævar Harðarson, arkitekt PhD FAÍ

Kennsluráðgjöf:
Gerður Tómasdóttir, kennari

Landslagsráðagjöf:
Kjartan Mogensen, landslagsarkitekt


EFRI HÆÐ SKÓLA OG AÐKOMUHÆÐ
K=64,0
NEÐRI HÆÐ SKÓLA OG SUNDLAUGAR
K=60,0
ÍÞRÓTTASALUR
K=56,0
STJÓRNUNARHÆÐ
K=68,0
74143

## Tillaga 20 - merkt **75730**



Mjög lítið unnin tillaga sem erfitt er að sjá möguleikana í eða taka afstöðu til.

Íþróttahús er ekki staðsett samkvæmt keppnislýsingu.

Höfundur tillögu:

Björn H. Jóhannesson



## Tillaga 21 - merkt **76712**




Tillagan byggir á löngum ás sem tengir saman mismunandi byggingar, mjög skemmtileg hugmynd sem færir notendur út og inn um byggingarnar. Áhersla er lögð á lífveðurfræðilegar aðstæður á staðnum og vistvæn nálgun notuð við tillöguna í hvívetna.

Tillagan virkar kostnaðarsöm, mikið um útveggi, er fremur ruglingslega framsett og þökin flókin.

Hér er lögð áhersla á að fella húsin í landið með jarðvegi upp að þökunum og grasþökum, sem er góð hugsun fyrir byggðina fyrir ofan.

Höfundar tillögu:

**egozcue vidal + pastorino pozzolo arquitectos**

María Teresa Egozcue, CPAU Nr. 4449
Guillermo Vidal, CPAU Nr. 3750
Gabriela Pastorino, CPAU Nr. 16240
Simonetta Pozzolo, CPAU Nr. 15285

Tengist:

Guillermo Bernaardo Vidal Egozcue; TU Delft 2003 Nr. 2.080415.001

Teymi:

Débora Bonafert
Paula Ronco
Florencia Martin Martin
Adrián Fanelli
Cecilia Bergantiños
Dario Cosenza
Ignacio Galarraga
Angélica Gonzáles
Josefina Lisazo
Ayelén Moure
Coliana Pitt
Noelia Pacios
Sara Plazibat
Florencia Riccillo
Victor Posada
Juan Giarini
Claudio Delbene


Grunn + 57.00 mkv. 1:500
Grunn +/- 53.00, mkv. 1:500
76712

## Tillaga 23 - merkt **83220**




Aðkomutorg er miðsvæðis og opnast út yfir sundlaugarsvæðið og dalinn.

Í tillögunni er leitast við að minnka umfang byggingarinnar í grunnfleti og byggir hún á samlegð og samnýtingu. Tillagan nýtir landhalla vel. Hugmyndin er skýr og tillagan vel framsett.

Mannvirkinu er lýst á sannfærandi hátt í texta sem formrænni heild en virka byggingarnar nokkuð þungar í framsetningu.

Íþróttahús er að hluta til niðurgrafið.

Höfundar tillögu:

**ZeroImpactStrageties**
Eirik Rønning Andersen, siv. ark. MNAL

**Grif Arkitektur AS**
Sigríður Anna Eggertsdóttir, siv. ark. FAÍ


83220

## Tillaga 24 - merkt **46191**




Tillagan er ekki í samræmi við kröfur samkeppnislýsingar hvað varðar fjölda tillöguarka og var því ekki tekin til dóms.

Höfundar tillögu:

Noregur:
**Dyvik & Fasting Arkitekter**
Eivind Fasting, Arkitekt / Urban designer MNAL
Bjørn Dyvik, Arkitekt MNAL
Daniel Bridson, Urban Designer
Nikolai Ross Børøen, 3D designer
Karen Margrethe Nybø, student

Ísland:
Steindór Hinrik Stefánsson, Arkitekt FAÍ

## Úlfarsárdalur















46191

Unnt er að nálgast niðurstöður samkeppninnar
á eftirtöldum heimasíðum:

www.reykjavik.is
www.ai.is